

BORÐTENNISDEILD ÍFR

SKÝRSLA VETRARINS

Fyrsta æfing vetrarins hófst mánudaginn 4. september og komu þá 8 - 10 spilarar strax í byrjun. Í vetur hafa að meðaltali 6-8 spilarar æft nokkuð reglulega og er það aðeins meira en árið á undan. Það má geta þess að Helgi Þór Gunnarsson hefur í vetur ásamt Hákonni Atla Bjarkarsyni séð um þá nýju iðkendur sem komu inn í deildina í fyrra. Helgi Þór hefur séð um séræfingar fyrir þennan hóp á mánudögum (einu sinni í viku) og hafa þessir iðkendur sýnt góðar framfarir og lofa mjög góðu.

Í vetur sendum við lið í 3.deild flokkakeppni Íslands (ófatlaðir) en kepptum við einungis tvisvar sinnum vegna vandamála við mönnun liðs. Þær dagsetningar sem við kepptum voru laugardagurinn 30. september en þá var þar keppt í ÍFR, Hátúni 14. Seinni keppnishelgin var hjá BH í Hafnarfirði þann 22. október.

Paralympic dagur var haldinn í nýju Laugardalshöllinni laugardaginn 2. desember en á þessum degi eru kynntar ýmsar íþróttagreinar fyrir fatlaða. Helgi Þór Gunnarsson og Hákon Atli Bjarkarson sáu um kynningu á borðtennis. Lítið hefur komið af spilurum út úr þessum degi en við vonum auðvitað að það muni breytast í framtíðinni.

Reykjavíkurmótið var haldið í nokkrum hlutum. Það hófst mánudaginn 13. nóvember þar sem keppt var í standandi flokki kvenna. Fimmtudaginn 23. nóvember hófst keppni í karlaflokki og mánudaginn 11. desember 2023 í opnum flokki. Reykjavíkurmótið endaði svo með því að keppt var í tvíliðaleik sem spilaður var óvenju seint eða mánudaginn 22. janúar 2024.

Heildarfjöldi á Reykjavíkurmótinu var 8 til 10 þátttakendur.

Úrslit úr Reykjavíkurmóti 2023, Íslandsmóti 2024 og innanfélagsmóti 2024 fylgja með á sérblaði.

Jólaþaffið var haldið í ár, mánudaginn 18. desember. Boðið var upp á kaffi, kökur og gos og tókst kaffið mjög vel. Samhliða jólaþaffinu héldum við í fyrsta skipti svokallað „Mandarínunót“ í kvenna flokki. Tókst það mjög vel en verðlaunin í þessu móti voru safaríkar mandarínur.

Hákon Atli Bjarkarson er búinn að æfa og keppa erlendis á mörgum mótum um alla Evrópu í vetur. Tilgangur þess er að safna stigum til að eiga möguleika á að komast inn á stórmót.

Hákon Atli hefur keppt í þýsku deildinni yfir vetrartímann og hefur það gert honum mjög gott. Hann hefur sýnt miklar framfarir og auðsjáanlegt að þetta hjálpar honum mikið. Keppnistímabilið hófst í september 2023 og mun ljúka 19. júní 2024 með Tékkland OPEN.

Áður en Hákon Atli Bjarkason hóf keppnistímabilið í Evrópu hélt hann til Bandaríkjana og keppti í Texas USA. Þar keppti hann í sínum flokki Class 5 sem er sterkasti flokkur hjólastóla. Honum gekk vel á mótinu, náði 3. sætinu sem er frábær árangur.

MALMÖ OPEN 2023 fór fram helgina 8. til 11. febrúar. ÍFR átti einn keppanda á mótinu, Hákon Atli Bjarkarson keppti í Class 5 og Class 1. Í tvíliðaleik keppti Hákon með dana í Class 1-5 og fengu brons þar. Þetta er góður árangur þar sem MALMÖ OPEN er orðið mjög sterkt borðtennismót.

Í einliðaleik í Class 5 fór hann upp úr riðli og náði í undanúrslit, lenti í þriðja sæti, brons þar. Einnig keppti Hákon Atli í Class 1 (Performance) flokki. Fór hann upp úr riðli, náði alla leið í úrslit. Úrslitaleikurinn tapaðist naumlega eftir mikla baráttu og niðurstaðan silfur í þessum flokki. Árangurinn frábær hjá Háconi enda mjög sterkur flokkur.

Íslandsmót Old Boys var haldið hjá KR (íþróttahúsi Hagaskóla) laugardaginn 24. febrúar 2024. Mótið gekk vel fyrir sig. ÍFR átti tvo keppendur á mótinu, þá Jón Grétar Hafsteinsson í flokki 60-69 ára og Óskar Aðils Kemp sem keppti í flokki 50-59 ára. Óskar Aðils vann einn leik en tapaði tveimur og komst því ekki upp úr riðli. En Jón Grétar var nálægt því að vinna einn leik af fjórum en komst því miður ekki áfram. Er þetta í fyrsta skipti sem ÍFR sendir keppendur á þetta mót.

Íslandsmót ófatlaðra fór fram helgina 1-3 mars í íþróttahúsi Digraness (HK Höllin) í Kópavogi. Við í ÍFR áttum þar tvo keppendur, Hákon Atla Bjarkarson en hann keppti í fyrsta flokki karla og öðrum flokki karla á mótinu. Þá keppti Óskar Aðils í öðrum flokki karla á mótinu.

Keppt var í tvíliða- og tvenndarleik föstudaginn 1. mars en tekinn er einn heill dagur í þessa tvo flokka. Hákon Atli keppti með Björgvini Inga Ólafssyni úr HK í tvíliðaleik. Þeim gekk ágætlega og unnu tvo leiki en dattu út í 8 manna úrslitum.

Þá keppti Óskar Aðils Kemp í öðrum flokki karla en datt út eftir fyrsta leik. Fyrirkomulag Íslandsmótsins er að ef þú vinnur leik heldur þú áfram í töflunni. Hinsvegar ef þú tapar, ertu úr leik. Þær lotur sem Óskar Aðils spilaði voru nokkuð góðar og náði hann ágætist skori úr þeim.

Í einliðaleik keppti Hákon Atli en datt út í 8 manna úrslitum í báðum flokkunum sem hann keppti í. Íslandsmótið í HK var mjög vel skipulagt og gekk vel fyrir sig.

Íslandsmót fatlaðra var haldið í íþróttahúsi ÍFR, Hátúni 14, laugardaginn 20. apríl sl. Keppendur voru 14 talsins og mættu allir keppendurnir. Mótið gekk mjög vel og var stjórnað af mikilli röggsemi af Helga Þór Gunnarssyni, aðstoðarmanni mínum á mótinu.

Haldin voru fjölmörg mót annarra félaga í vetur en sökum æfingaleyfis töldum við okkur ekki tekið þátt í þeim þar sem þau stönguðust líka á við æfingatíma okkar.

Ekki var farið á Hængsmót en það var haldið 26. apríl til 28. apríl sl. og ekki héldum við Minningarmót ÍFR en stefnan er að það verði haldið að ári. Einnig féll niður pizzaveisla sem við höfum oft haldið.

Laugardaginn 25. maí hélt ÍFR, undir stjórn félagsins, góða grillveislu fyrir bæði iðkendur allra deilda, þjálfara og annarra ÍFR félaga. Tókst veislan vel til en boðið var upp á hamborgara, gos og snakk. Á sama tíma og grillveislan átti sér stað var í gangi úrslitaleikur í enska bikarnum í fótbolta. Áttust þar við lið Man United og Man City og var því horft á leikinn á meðan grillveislunni stóð. Úrslit 2-1 fyrir Manchester United og óhætt að segja að fagnaðarlæti brutust út þegar úrslitin voru kunn enda margir Man United aðdáendur í hópi ÍFR félaga.

Í tilefni af 50 ára afmæli ÍFR langar mig að minnast á að það verður kynning á hinum ýmsu greinum innan félagsins laugardaginn 1. júní næstkomandi. Kynningin verður frá kl. 11:00-14:00 í íþróttahúsinu okkar að Hátúni 14. Vonandi gengur kynningin vel og við fáum nýja iðkendur inn í sem flestar greinar næsta haust.

Áður en ég lýk skýrslu minni vil ég óska félaginu okkar til hamingju með 50 ára afmælið. Félagið var stofnað 30. maí 1974 og er það einlæg von mín að félagið muni dafna um ókomna framtíð. Þá vil ég einnig þakka þeim Helga Þór Gunnarssyni og Hákonni Atla Bjarkarsyni fyrir hjálpina á tímabilinu, þá sérstaklega góða stjórn á Íslandsmótinu 2024.

Með sumarkveðju,

Kristján Jónasson

Reykjavíkurmótið

Reykjavíkurmótið var haldið í nokkrum hlutum. Það hófst mánudagin 13. nóvember þar sem keppt var í standandi flokki kvenna. Fimmtudaginn 23. nóvember hófst keppni í karlaflokki og mánudaginn 11. desember 2023 í opnum flokki. Reykjavíkurmótið endaði svo með því að keppt var í tvíliðaleik sem spilaður var óvenju seint eða mánudaginn 22. janúar 2024.

Heildarfjöldi á Reykjavíkurmótinu var 8 til 10 þátttakendur.

Einliðaleikur standandi karla

- | | |
|-----------------------|-----|
| 1. Óskar Aðils Kemp | ÍFR |
| 2. Baldur Jóhannesson | ÍFR |
| 3. Björn Harðarson | ÍFR |

Einliðaleikur standandi kvenna

- | | |
|--------------------------------------|-----|
| 1. Inga Hanna Jóhannesdóttir | ÍFR |
| 2. Soffía Rúna Jensdóttir | ÍFR |
| 3. Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir | ÍFR |

Opinn flokkur

- | | |
|-------------------------------|-----|
| 1. Óskar Aðils Kemp | ÍFR |
| 2. Björn Harðarson | ÍFR |
| 3.– 4. Baldur Jóhannesson | ÍFR |
| 3.– 4. Soffía Rúna Jensdóttir | ÍFR |

Tvíliðaleikur

- | | |
|---|-----------|
| 1. Óskar Aðils Kemp og Baldur Jóhannesson | ÍFR/ÍFR |
| 2. Björn Harðarson og Jón Grétar Hafsteinsson | ÍFR/ÍFR |
| 3.– 4. Inga Hanna Jóhannesdóttir og Soffía Rúna Jensdóttir | ÍFR/ÍFR |
| 3.– 4. Sigurður Andri Sigurðsson og Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir | ÍFR / ÍFR |

Innanfélagsmót fatlaðra í borðtennis árið 2024

Haldið mánudagana 6. maí og 12. maí í íþróttahúsi ÍFR við Hátún.

Karlaflokkur

- | | |
|-----------------------|-----|
| 1. Óskar Aðils Kemp | ÍFR |
| 2. Baldur Jóhannesson | ÍFR |
| 3. Björn Harðarson | ÍFR |

Kvennaflokkur

- | | |
|--------------------------------------|-----|
| 1. Inga Hanna Jóhannesdóttir | ÍFR |
| 2. Soffía Rúna Jensdóttir | ÍFR |
| 3. Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir | ÍFR |
| 4. Elín Helga Steingrímsdóttir | ÍFR |

Ekki var keppt í opnum flokki að þessu sinni.

Íslandsmót ÍF í borðtennis 2024

Haldið hjá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík (ÍFR) að Hátúni 14 laugardaginn 20.
Apríl 2024.

Þroskahamlaðar konur, flokkur 11

1. Inga Hanna Jóhannesdóttir ÍFR
2. Soffía Rúna Jensdóttir ÍFR
3. Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir ÍFR

Þroskahamlaðir karlar, flokkur 11

1. Óskar Aðils Kemp ÍFR
2. Baldur Jóhannesson ÍFR
3. Sigurður Andri Sigurðsson ÍFR

Standandi karlar, flokkur 6-10

1. Björn Harðarson ÍFR
2. Jón Grétar Hafsteinsson ÍFR
3. Kristján Rúnar Egilsson ÍFR

Sitjandi karlar, flokkur 1-5

1. Hákon Atli Bjarkarson ÍFR
2. Vova Chernyavsky ÍFR
3. Agnar Ingi Traustason ÍFR

Opinn flokkur

- | | |
|-------------------------------|-----|
| 1. Hákon Atli Bjarkarson | ÍFR |
| 2. Vova Chernyavsky | ÍFR |
| 3.-4. Jón Grétar Hafsteinsson | ÍFR |
| 3.-4. Magnús Guðjónsson | HK |

Tvíliðaleikur

- | | |
|--|---------|
| 1. Vova Chernyavsky og Agnar Ingi Traustason | ÍFR/ÍFR |
| 2. Hákon Atli Bjarkarson og Jóna Kristín Erlendsdóttir | ÍFR/ÍFR |
| 3.-4. Jón Grétar Hafsteinsson og Björn Harðarson | ÍFR/ÍFR |
| 3.-4. Óskar Aðils Kemp og Baldur Jóhannesson | ÍFR/ÍFR |